

Fundargerð

1. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, mánudaginn 5. apríl 2004, kl. 20:00.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðmundur Karlsson, Guðmundur Kristinsson og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 33. fundar stjórnar frá 13. mars sl. lögð fram. Afgreiðslu frestað.

2. Verkaskipting nýrrar stjórnar.

Samþykkt eftirfarandi verkaskipting innan stjórnar: Varaformenn verða þeir Einar K. Jónsson og Stefán Halldórsson. Gjaldkeri verður Unnur Sigurðardóttir og ritari verður Sonja Sif Jóhannsdóttir.

Rætt um skipan nefnda og ráða innan sambandsins, en endanlegar tillögur verða lagðar fram á næsta fundi stjórnar, en samþykkt að bæði Evrópubikarnefndin og íþróttamannanefnd starfi áfram óbreyttar fram yfir Evrópubikarkeppnina í sumar.

3. Kosning tveggja fulltrúa á ÍSÍ þing.

Samþykkt að Einar K. Jónsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir verði fulltrúar stjórnar á þingi ÍSÍ og Birgir Guðjónsson og Egill Eiðsson verði varamenn þeirra.

4. Helstu verkefni á næstu vikum og mánuðum.

a) Guðmundur Karlsson, landsliðsþjálfari fór yfir helstu mál sem framundan eru á næstu misserum og sagði m.a. frá sínu daglega starfi, Íþrótt- og afreksnefnd, samskiptum við ÍSÍ, undirbúningi fyrir Evrópubikarinn, Ólympíuleika o.fl.

b) Fríða Rún Þórðardóttir greindi frá því helsta sem er á döfinni í hennar starfi s.s. æfingabúðum úrvalshópsins á Sauðárkróki, ferð afrekshóps ungmenna til Gautaborgar o.fl.

c) Að lokum fór Guðmundur Kristinsson yfir það helsta í styrktarmálum og lagði fram gögn sem hann er búinn að vinna til undirbúnings fyrir styrktaraðila.

5. Lagt fram.

a) Fundargerð frá fundi úrvalshópsráðs frá 17. mars sl.

b) Fundargerð frá fundi ÍÞA 29. mars sl.

c) Skýrsla fararstjóra á HM í víðavangshlaupum.

d) Fundargerð þróunarnefndar EAA frá 6.-7. mars sl.

6. Innsend erindi.

a) Lagt fram bréf frá ÍÞA, dagsett 30. mars sl. um ýmis mál er tengjast Evrópubikarkeppninni í sumar. Rætt.

b) Samþykkt eftirfarandi tillaga ÍÞA um þjálfara í verkefnum á vegum FRÍ í sumar.

Evrópubikarkeppnin: Guðmundur Karlsson, Jón Oddsson, Einar Þór Einarsson, Gísli Sigurðsson, Eggert Bogason, Óskar Thorarensen, Martha Ernsts dóttir, Gunnar Páll Jóakimsson og Þórdís Gísladóttir.

Þá var samþykkt tillaga stjórnar um Unni Sigurðardóttur sem liðsstjóra og Dóru Gunnarsdóttur sem aðstoðarliðsstjóra

Evrópubikarkeppnin í fjölþrautum:

Þjálfarar: Gísli Sigurðsson og Þorsteinn Þórsson.

HM 19 ára og yngri:

Þjálfari og fararstjóri: Stefán Jóhannsson.

Ólympíuleikar:

Þjálfari: Guðmundur Karlsson

Flokkstjóri: Ragnheiður Ólafsdóttir.

Norðurlandamót unglunga:

Ákvörðun um þjálfara/fararstjóra á Norðurlandamót unglunga var frestað. (fjölþrautir, NM 19 ára og yngri og NM 20 til 22 ára).

- c) Lagt fram boðsbréf vegna NM í 10.000 m hlaupi, sem fram fer í Tönsberg í Noregi 22. maí nk.
- d) Lagðar fram upplýsingar frá mótshaldara í Malmö vegna Íslandsmets Björns Margeirssonar 28.febrúar sl., s.s. markmynd og staðfest úrslit mótsins.

7. Fundartími stjórnar.

Rætt um hentuga daga fyrir stjórnarfundi. Næsti fundur verður laugardaginn 8.maí nk.

8. Önnur mál.

- a) Birgir Guðjónsson greindi frá undirbúningi vegna Evrópubikarkeppninnar í júní s.s. dómaramámskeiðum 14. og 19. apríl í Reykjavík og 1. maí á Sauðárkróki og fleiri atriðum.
- b) Rætt um viðbótarumsókn í afrekssjóð ÍSÍ, en sjóðurinn óskaði eftir umsóknum í sjóðinn fyrir 7.apríl nk. Landsliðsþjálfari og framkvæmdastjóri gangi frá umsókninni í samráði við formann fyrir tilskilinn frest.
- c) Lagt fram uppkast að viðbótarsamningi við ÍT ferðir vegna hótelmála fyrir Evrópubikarkeppnina. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningnum.

Fundi slitið kl. 22:15.

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.